



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð.

I. Lagagrundvöllur. Forsaga.

Í 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, kemur fram að sveitarstjórn skuli setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar. Núgildandi reglur um fjárhagsaðstoð tóku gildi þann 1. janúar 2011 en gerðar hafa verið nokkrar breytingar á reglunum frá þeim tíma hvað varðar grunnfjárhæðir til framfærslu, aðstoð til foreldra vegna barna, húsbúnaðarstyrk og tryggingu vegna húsaleigu. Þá hafa verið gerðar nauðsynlegar breytingar í tengslum við rafvæðingu fjárhagsaðstoðar. Ekki er um að ræða heildarendurskoðun á reglunum heldur er að þessu sinni m.a. um að ræða breytingartillögur til samræmis við tillögur sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 4. desember 2019 og fram höfðu komið í áfangaskýrslu hóps um sárafatækt. Þá eru jafnframt lagðar til breytingar á frádrætti vegna tekna þeirra sem ljúka endurhæfingu, breytingar er varða framfærslu til einstaklinga sem stunda nám á framhaldsskólastigi, breytingar á skilyrðum fyrir húsbúnaðarstyrk, breytingar er varða greiðslu sérfræðiaðstoðar og útfararstyrks og breytingar vegna tryggingar húsaleigu. Þá er auk þess um að ræða ýmsar breytingar sem árétta og skýra þá framkvæmd sem nú er viðhöfð og að lokum breytingar er varða orðalag og uppsetningu.

Tillagan var áður lögð fram á fundi velferðarráðs þann 1. apríl 2020 og frestað. Frá þeim tíma hafa verið lagðar til frekari breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð og verður gerð grein fyrir þeim helstu í þessu minnisblaði.

Þann 1. október 2018 tóku gildi lög nr. 37/2018 um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum og höfð er hliðsjón af þeim lagabreytingum við þessar breytingar.

II. Tillögur að breytingum.

Á fundi velferðarráðs þann 4. desember 2019 var samþykkt að vísa tillögum sem fram komu í áfangaskýrslu stýrihóps um sárafatækt til yfirstandandi vinnu við endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð. Í samræmi við það er lagt til að fjárhagsaðstoð til foreldra með börn á framfæri verði aukin og að skerðing á fjárhagsaðstoð foreldris bitni ekki á börnum sem búa við sárafatækt.

Í samræmi við breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, eru lagðar til breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð sem fela í sér aukna áherslu á félagslega ráðgjöf, valdeflingu, virkni og samráð við umsækjanda. Þá eru tillögur um breytt orðalag til samræmis við breytingar á þjónustu við atvinnulausa og á stuðningi vegna húsnæðis til samræmis við breytingar á lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016. Einnig er lagt til að viðmiðunarfjárhæðir vegna sérfræðiaðstoðar og útfararstyrks verði hækkaðar. Loks eru lagðar til breytingar sem ætlað er að gera orðalag skýrara í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð.

Lagt er til að nýtt ákvæði verði sett í 10. gr. (var áður 11. gr.) reglnanna um grunnfjárhæðir um sérstaka aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri, sem komi til viðbótar grunnfjárhæð, til samræmis við tillögu 2 sem samþykkt var á fundi velferðarráðs þann 4. desember 2019. Er því lagt til að ákvæði a. liðar 16. gr. verði fært að mestu leyti í 10. gr. en það sem eftir stendur í a. lið 16. gr. er heimild til að veita aðstoð vegna jólahalds og skólabyrjunar (lagt til eftir 1. apríl 2020). Skilyrði um að fullnýta þurfi frístundakort fellur út til samræmis við tillögu 3 sem samþykkt var á fundi velferðarráðs þann 4. desember 2019.

Ákvæði b- og c-liðar 16. gr. verði að mestu leyti óbreytt en lagt er til að ákvæði um þjónustutryggingu leikskóla verði felld úr reglunum.

Lagt er til að skýrar verði kveðið á um hvenær heimilt sé að skerða grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar í 11. gr. (var áður 3. gr.). Nýtt ákvæði verði sett varðandi það að ávallt skuli skoða fjárhagslegar og félagslegar aðstæður barna áður en ákvörðun um lækkun fjárhagsaðstoðar verði tekin. Sú breyting er til samræmis við tillögu 4 sem samþykkt var á fundi velferðarráðs þann 4. desember 2019. Eftir sem áður sé heimilt að koma til móts við þarfir barna með sérstakri fjárhagsaðstoð á grundvelli 16. gr. og 27. gr. reglnanna. Nokkrar orðalagsbreytingar eru gerðar á greininni og því er hún endurrituð.

Þar sem umsýsla umsókna er orðin einfaldari með tilkomu rafrænna umsókna er lagt til að umsókn um fjárhagsaðstoð til framfærslu gildi í einn mánuð í stað þriggja mánaða áður og ekki verði lengur hægt að greiða fjárhagsaðstoð út vikulega (6. gr.). Gert er að kröfu að umsækjandi dvelji á Íslandi (4. gr.) þegar hann fær fjárhagsaðstoð enda skuli hann vera í virkri atvinnuleit eða endurhæfingu, sbr. ákvæði 11. gr. (var áður 3.) og 8. gr. reglnanna.

Rafrænar umsóknir um fjárhagsaðstoð eru settar í forgrunn í 8. gr. en eftir sem áður er hægt að sækja um á sérstöku eyðublaði. Breytingar verði gerðar á orðalagi greinarinnar til samræmis við lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006 og lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006. Lagt er til að sett verði inn nýtt ákvæði þar sem fram kemur að ríkisborgurum ríkja innan EES beri að framvísa staðfestingu á lögheimilisskráningu og að réttur til fjárhagsaðstoðar geti í fyrsta lagi myndast þremur

mánuðum eftir skráningu lögheimilis, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016. Nokkrar orðalagsbreytingar eru gerðar á 8. gr. og því er greinin endurrituð.

Lagt er til að dregið verði úr áhrifum tekjutenginga fyrsta mánuðinn þegar einstaklingar sem eru að ljúka endurhæfingu sækja um fjárhagsaðstoð til framfærslu. Þjónustumiðstöðvum verði þá heimilt að veita undanþágu frá tekjum fyrri mánaða.

Lagt er til að breytingar verði gerðar á ákvæðum er varða framfærslu til einstaklinga sem stunda nám á framhaldsskólastigi og áhersla verði lögð á að nám skuli vera liður í valdeflingu og hluti af einstaklingsbundinni áætlun. Ákvæðin voru áður í 18. gr. reglnanna en færast í 15. gr. Heimilt verði að veita framfærslu í framhaldsskólanámi til einstaklinga frá 18 ára aldri sem hafa átt í miklum og langvarandi félagslegum erfiðleikum og ekki lokið grunnskóla. Heimilt verði að veita styrk til greiðslu kostnaðar vegna innritunar og námsgagna gegn framvísun greiðslukvittana (18. gr.).

Lagt er til að ákvæði vegna húsbúnaðarstyrks verði rýmkað (19. gr.). Annars vegar verði heimilt að samþykkja húsbúnaðarstyrk til einstaklinga sem eru eignalausir, eru að stofna heimili í fyrsta sinn eða að nýju og hafa átt í miklum og langvarandi félagslegum erfiðleikum og eru í eða hafa nýlengið endurhæfingu. Hins vegar verði heimilt að samþykkja húsbúnaðarstyrk til einstaklinga sem eru að stofna heimili og eru með miklar og flóknar þjónustufarir og hafa verið heimilisláusir.

Lagt er til að heimildir til greiðslu sérfræðikostnaðar (20. gr.) verði rýmkaðar. Tannlæknakostnaður hækki úr kr. 40.000 í kr. 80.000 og gert verði að skilyrði að þjónustan verði veitt á Íslandi. Heimilt verði að greiða allt að tíu viðtöl á tólf mánaða tímabili hjá meðferðaraðilum með starfsleyfi frá Embætti landlæknis í stað 55.000 kr. nú.

Lagt er til að viðmiðunarmörk heimildar til greiðslu útfararstyrks verði hækkuð úr 160.000 kr. í 250.000 kr.

Þá verði eingöngu heimilt að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu í stað láns eða styrks (23. gr.).

Ákvæði málsmeðferðarkafans verði breytt til samræmis við málsmeðferðarkafila í öðrum reglum.

III. Kostnaðarmat:

Heildarkostnaðarauki vegna breytinga á reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð nemur 67.072.697 kr. á ári. Þá er einnig gert ráð fyrir að einskiptis kostnaður við hugbúnaðarbreytingar verði á bilinu 6–7,5 m.kr.

Kostnaður reglubreytinga	
Leikskóli	21.449.760
Frístund	8.165.198
Skólamatur	18.077.457

Daggæsla	5.313.955
Samtals kostnaður vegna barna	53.006.369
Tannlækningar	3.922.014
Sérfræðikostnaður	4.781.269
Útfararstyrkur	5.363.044
Samtals annar kostnaður	14.066.328
Kostnaður alls:	67.072.697

IV. Notendasamráð:

Haft var samráð við fulltrúa notenda og hagsmunaaðila um reglur um fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg á fundi sem haldinn var þann 15. nóvember 2019. Fundinn sátu fulltrúar frá Pepp (People experiencing Poverty), EAPN (European Anti Poverty Network), Hugarafli og Hlutverkasetri auk þátttakenda úr átaksverkefnunum Tinnu og Grettistaki. Auk þess tóku þátt fulltrúar frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umræður fóru fram varðandi leiðir til að hvetja til virkni og valdeflingar, umsóknarferlið og hvernig styðja megi barnafjölskyldur. Rætt var um hvort auknar heimildir í reglum um fjárhagsaðstoð til þess að styrkja fólk til að sækja námskeið og tómstundir og stofnun virknimiðstöðva í hverfum borgarinnar gætu leitt til aukinnar virkni sem tæki mið af einstaklingsbundnum þörfum. Fram kom gagnrýni á skerðingar á fjárhagsaðstoð sem taldar voru hamla hvata til virkni. Rætt var um erfiðleika við að taka fyrstu skref út á vinnumarkaðinn og að kvíði við að missa afkomu sína sé letjandi. Fram kom að heimild til að afla ákveðinna tekna á ári samhliða fjárhagsaðstoð yrði hvetjandi. Rætt var um að taka þurfi sérstakt tillit til einstæðra foreldra sem eigi erfitt með að finna hlutastarf á dagvinnutíma þegar börnin eru í dagvistun. Ánægja var með rafvæðingu umsókna um fjárhagsaðstoð; gagnsæi hafi aukist og nú sé sýnilegra hvaða heimildir séu í reglum um fjárhagsaðstoð til stuðnings umfram grunnfjárhæð til framfærslu. Þá fóru fram umræður um að breyta þurfi reglum um sérstaka aðstoð vegna barna (a. liður 16. gr.) þannig að foreldrar þurfi ekki að leggja út fyrir kostnaði.

Í janúar 2020 var einnig haft samráð um útfærslu á breytingum á reglunum við deildarstjóra þjónustumiðstöðva sem hafa yfirumsjón með fjárhagsaðstoð.

Á fundi velferðarráðs þann 1. apríl 2020 var framlagðri tillögu frestað og samþykkt að vísa til umsagnar hagsmunaaðila. Með hliðsjón af því að fleiri breytingar voru í farvatninu var ákveðið að fresta beiðni um umsögn að svo stöddu.

Á fundi velferðarráðs þann 2. desember 2020 var samþykkt að vísa drögum að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð til umsagnar hagsmunaaðila. Sjö umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

- Öryrkjabandalag Íslands.
- Rauði Krossinn/flóttafólk.
- Rauði Krossinn/skaðaminnkun.
- Hugarafli.
- Hjálparstarf kirkjunnar.
- Aðgengis- og samráðsnefnd.
- Borgarskjalasafn.

- Auk þess var óskað eftir umsögnum á vef Reykjavíkurborgar og bárust sjö umsagnir.

Þann 29. janúar 2021 var haldinn fundur með þeim hagsmunaaðilum sem sendu umsögn. Lagðar hafa verið til nokkrar breytingar á reglunum eftir samráð við hagsmunaaðila.

Loks ber að geta þess að tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, um að veita fjárhagsaðstoð til námsfólks sem hefur ekki tök á annarri framfærslu, var vísað til þess hóps er vann að ofangreindum breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð. Hópurinn hefur ekki lagt til að tillagan leiði til breytinga á núgildandi ákvæði reglnanna í 15. gr. en fyrir því eru eftirfarandi rök:

Efni tillögunnar varðar framfærslu námsmanna sem leggja stund á nám sem er lánshæft. Í lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020, kemur fram að markmið þeirra er að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms, án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti, með því að veita námsmönnum fjárhagslega aðstoð í formi námslána og styrkja, sbr. 1. gr. framangreindra laga. Menntasjóður námsmanna er sjóður sem rekinn er á grunvelli laga og ríkinu er falið að veita þá aðstoð sem þar er kveðið á um.

Í 8. gr. laga um Menntasjóð námsmanna er að finna almenn skilyrði fyrir rétti til námsaðstoðar. Rétt á námsaðstoð eiga þeir sem uppfylla eftirfarandi almenn skilyrði ásamt skilyrðum 9. eða 10. gr. eftir atvikum:

1. stunda lánshæft nám, sbr. II. kafla,
2. eru fjárráða,
3. uppfylla kröfur um lágmarksnámsframvindu samkvæmt úthlutunarreglum,
4. eru ekki í vanskilum við Menntasjóð námsmanna,
5. þiggja ekki námslán eða sambærilega aðstoð frá öðru ríki vegna lánshæfs náms,
6. uppfylla aðrar kröfur sem lög þessi gera til veitingar og endurgreiðslu námsaðstoðar.

Sérstök málskotsnefnd sker úr um hvort ákvarðanir sjóðstjórnar séu í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla og getur nefndin staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir sjóðstjórnar, sbr. 32. gr. laga um Menntasjóð námsmanna.

Í samræmi við framangreint er það hlutverk ríkisins, þ.e. Menntasjóðs námsmanna, að veita námsmönnum fjárhagslega aðstoð í formi námslána og styrkja.

Í þessu sambandi verður jafnframt að hafa í huga sjónarmið stjórnsýsluréttarins varðandi réttmætar væntingar aðila við töku stjórnvaldsákvarðana. Í þeim felst að ef samþykkt yrði að veita einstaklingum fjárhagsaðstoð til framfærslu við upphaf náms þá hafa þeir réttmætar væntingar til þess að fá fjárhagsaðstoð til framfærslu þar til námi lýkur, ef aðstæður þeirra eru óbreyttar.

Einnig er rétt að geta þess að sá hópur sem um ræðir getur leitað til umboðsmanns skuldara til að óska eftir greiðsluaðlögun eða til að fá styrk til greiðslu skiptakostnaðar. Þannig geta einstaklingar unnið að því að losa nafn sitt af vanskilaskrá og verður sú leið að teljast ákjósanlegust. Þá geta einstaklingar fengið aðra þjónustu af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, s.s. félagslega ráðgjöf eða tekið þátt í vinnumarkaðsúræðum á vegum sviðsins.

Í eftirfarandi töflu má sjá að fjöldi háskólanema á Íslandi sem búsettir eru í Reykjavík er 9.328 einstaklingar. Þar má sjá mismunandi kostnað sem Reykjavíkurborg gæti orðið fyrir ef ákveðið hlutfall af nemum í Reykjavík myndi fá fjárhagsaðstoð á meðan á námi stendur. Ekki er hægt að leggja mat á það hversu hátt hlutfall af nemum gæti átt rétt á fjárhagsaðstoð ef reglum yrði breytt á þann veg að námsmenn sem uppfylla ekki kröfur Menntasjóðs námsmanna um lánshæfi ættu rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Fjöldi háskólanema á Íslandi	18.658				
Fjöldi nema í Reykjavík	9.329				
Fjöldi nema	Hlutfall af nemum í Rvk.	Fjárhagsaðstoð búa einir	1 ár (9 mán fjárhagsaðstoð)	3 ár (27 mán fjárhagsaðstoð)	5 ár (45 mán fjárhagsaðstoð)
93	1%	212.694	178.580.009	535.740.028	892.900.047
187	2%	212.694	357.160.019	1.071.480.056	1.785.800.093
466	5%	212.694	892.900.047	2.678.700.140	4.464.500.234
933	10%	212.694	1.785.800.093	5.357.400.280	8.929.000.467
1.399	15%	212.694	2.678.700.140	8.036.100.420	13.393.500.701
1.866	20%	212.694	3.571.600.187	10.714.800.560	17.858.000.934
2.332	25%	212.694	4.464.500.234	13.393.500.701	22.322.501.168

V. Gildistaka:

Lagt er til að breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð taki gildi þann 1. apríl 2021.

Fylgiskjöl:

1. Reglur Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð með tillögum að breytingum.
2. Tillögur hóps um sárafátækt barna, samþykktar á fundi velferðarráðs þann 4. desember 2019.
3. Kostnaðarmat vegna breytinga á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.
4. Umsagnir hagsmunaaðila.